
Leikskólinn Álfheimar

Ársskýrsla; 1. september 2008 – 31. ágúst 2009



ÁRSSKÝRSLA LEIKSKÓLANS ÁLFHEIMA

Efnisyfirlit.

1. Almennar upplýsingar.

- 1.1. Leikskóli, húsnæði, lóð.
- 1.2. Viðhald / breytingar.
- 1.3. Sumarleyfi.

2. Hugmyndafræði – stefna – námskrá.

- 2.1. Uppeldislegar áherslur, markmið.
- 2.2. Dagskipulag.

3. Starfið sl. leikskólaár.

- 3.1. Starfið (áhersla, þema).
- 3.2. Innra gæðamat, framkvæmd og niðurstöður.
- 3.3. Umbóta (þróunar og nýbreytnistarf).
- 3.4. Ferðir, menningarviðburðir, sýningar, skemmtanir og kynning á leikskólanum.

4. Starfsmenn.

- 4.1. Fjöldi starfsfólks og stöðugildi, menntun, stöðuheiti, sérkennsla, afleysingar, barnsburðarleyfi, veikindi, hreyfingar á starfsfólki.
- 4.2. Fundir
- 4.3. Skipulags – og námskeiðsdagar, endur og símenntun.

5. Börn.

- 5.1. Fjöldi barna, samsetning hópsins, aldur, dvalartími, barngildi.
- 5.2. Börn sem njóta sérkennslu.

6. Foreldrasamstarf.

- 6.1. Markmið og áherslur í foreldrasamstarfi.
- 6.2. Foreldrafundir.
- 6.3. Foreldraviðtöl - upplýsingastreymi.
- 6.4. Foreldraráð.
- 6.5. Annað.

7. Samstarf, ráðgjöf.

- 7.1. Leikskólaskrifstofa
- 7.2. Nemar.
- 7.3. Samstarf við grunnskóla.
- 7.4. Samstarf við aðra.
- 7.5. Öryggismál, (slysavarnir, heilbrigðiseftirlit o.fl)

Ársskýrsla Álfheima,

1. september 2008 – 31. ágúst 2009.

1. Almennar upplýsingar.

1.1. Leikskóli, húsnæði, lóð.

Leikskólinn Álfheimar er 4ra deilda leikskóli þar sem boðið er upp á 6-9 tíma dvöl á öllum deildum.

Í Álfheimum eru aldurskiptar deildir;

Á Óskasteini 26 börn fædd 2003

Á Völusteini 16 börn fædd 2004

Á Dvergasteini 8 börn fædd 2005 og 12 fædd 2006

Á Álfasteini 10 börn fædd 2005 og 12 börn fædd 2006.

Samtals 84 nemendur.

Þessar tölur eru miðaðar við 1. desember 2008.

Bráðarbirgðarhúsnæði (Völusteinn) málað að utan –
Málningarþjónustan sá um þá vinnu.

Stéttar voru lagfærðar – leiktæki máluð –. Þessi verk voru unnin af starfsmönnum Áhaldahúss Árborgar.

1.2. Viðhald / breytingar.

- a) öll gólf bónuð af Ræstingþjónustunni sf.
- b) Þórður G. Árnason trésmiður sá um viðhaldsvinnu innan- og utanhúss.
- c) Frá 8. apríl 2009 nýtt öryggiskerfi tekið í notkun – frá Öryggismiðstöðinni oryggi.is

1.3. Sumarleyfi

Álfheimar voru lokaðir vegna sumaleyfa frá 18. júní - til og með 21. júlí 2009.

2. Hugmyndafræði – stefna – námskrá.

2.1. Uppeldislegar áherslur, markmið og matsaðferðir.

Leikskólinn Álfheimar starfar eftir lögum um leikskóla nr. 90/2008 og Aðalnámskrá leikskóla frá 1999, einnig Skólanámskrá Álfheima sem kom út í febrúar 2001 og unnin er út frá Aðalnámskránni.

Meginmarkmið Álfheima samkvæmt Skólanámskránni er:

Í leikskólanum Álfheimum leggjum við aðaláherslu á að efla meðal barnanna mannkærleika, samkennd, umburðarlyndi og vináttu. Við viljum skapa gott félagslegt andrúmsloft í vel skipulögðu uppeldisumhverfi, þar sem börn og starfsfólk fái notið og þroskað eiginleika sína fordómalaust. (skólanámskrá Álfh. bls.8)

Í skólanámskránni er að finna þá uppeldislegu sýn sem starfsfólk hefur kosið að starfa eftir og eru jafnframt leiðir að markmiðinu:

1. Að allt starfsfólk sýni börnunum virðingu, hlýju og ástúð í allri umgengni.
2. Að barnið fái ábyrga og faglega umönnun bæði andlega og líkamlega.
3. Að foreldrar geti treyst því að öryggi barna þeirra sé tryggt af fremsta megni á meðan leikskóladvöl þeirra stendur.
4. Að uppeldisstarfið sé unnið í nánú samstarfi við foreldra.
5. Að börnunum sé kennt að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúru landsins.

Þær kenningar sem fjalla um leik barna og samskipti manna, hafa verið starfsfólki Álfheima hugleiknar í gegnum tíðina. Boðskipta-kenning Gregory Bateson (1905-1980) bandaríks félagsmannfæðings ber þar hæst. Boðberar hennar þær Birgitta K. Olofson sænskur lektor í upeldis-og sálarfræði, og Berit Bae doktor í uppeldisfræði við Háskólann í Osló hafa með rannsóknum sínum á leik barna komist að því eins og Bateson að leikurinn er fyrst og fremst boðskipti. Kenningin er sérstaklega áhugaverð fyrir þá sem starfa við leikskóla með hóp barna vegna þess að hún fjallar um það sem fram fer í samspili barna í leik, á hvaða stigi boðskiptin eru og hvaða boðskipta- eða samskiptamynstur þau endurspegla. Áhersla er lögð á góð samskipti barna og fullorðinna og fullorðinna-fullorðinna, sem byggjast á virðingu, hlýju og trausti.

Við sýnum hvert öðru gagnkvæma virðingu

- Með því að bjóða góðan dag, brosa og kveðja og taka undir kveðju.
- Með því að ræða málin, hlusta og virða skoðanir hvers annars.
- Með því að sýna traust og heiðarleika í samskiptum.
- Með því að virða þagnarskylduna gagnvart samstarfsmönnum foreldrum og börnum.

Á deildarfundum í maí og júní var leikskólaárið endurmetið á hverri deild fyrir sig. Gátlisti fyrir greiningu og mat á leikskólastarfi sem starfshópur á vegum leikskólanna skipaður aðstoðarleikskólastjórum og leikskólafulltrúa vann veturinn 2008-2009 var matstækið að þessu sinni.

Gátlistinn er unnin með hliðsjón af: Aðalnámskrá fyrir leikskóla frá 1999, Ecerskvarða til að meta leikskólastarf fyrir þriggja til sex ára börn, Uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili frá 1985 og leiðarvísi með uppeldisáætlun frá 1987.

Gátlistinn er gerður þannig að hver deild svarar fyrir sig. Að því loknu er hægt að hafa umræður um svör þátttakenda, þar er hægt að ræða um það sem er óáþreifanlegt eða huglægt, s.s. viðhorf, líðan, áhuga, eftirtekt, óánægju, þannig er hægt að vinna að endurbótum á leikskólastarfinu.

Svörum við spurningunum er svarað með talnakvarða frá 1-5.

Jákvætt hugarfar er góður jarðvegur fyrir skynsamlegar og faglegar umræður. Slíkar umræður stuðla að markvissu og árangursríku uppeldistarfi í Álfheimum (úr Skólanámskrá Álfheima bls.27).

Starfsfólk er almennt ánægt með starf leikskólans. Það er sammála um að dagskipulagið þarf að vera sveigjanlegt með tilliti til þess að nægur tími gefist fyrir frjálsan leik. Námsumhverfið þarf að vera þannig að fullorðinn sé alltaf til staðar og nægilegur efniviður til leikja.

Frjáls leikur á alltaf að vera í fyrirrúmi og er hann mikilvægasti þáttur leikskólastarfsins.

Starfsmannaviðtöl eru fastur liður í starfi Álfheima og að þessu sinni fóru þau fram í janúar og febrúar. Í starfsmannaviðtölum var farið yfir líðan starfsfólks, árangur og þróun í starfi. Niðurstöður kynntar starfsmönnum á deildarfundum í mars og á starfsmannafundi 17.mars 2009.

Starfsfólk Álfheima hefur leitast við að temja sér jákvæð vinnubrögð, hvetja hvert annað, hrósa og viðhalda góðum samskiptum.

2.2. Skipulag.

Í öllu leikskólastarfi Álfheima er börnunum skipt upp í hópa, s.s. í matmálstímum, hvíldartímum, tónlist, kubbatímum, skapandi starfi, hreyfingu, útiveru og leik.

Í hópstarfi / þemavinnu eru börnin	4 – 6 í hóp.
Í kubbastarfi / tímum eru börnin	4 – 5 í hóp.
Í hreyfistund eru börnin	5 – 10 í hóp.
Í tónlistar / söngstundum eru börnin	5 – 10 í hóp.
Í hvíldartímum eru börnin	6 – 10 í hóp.
Í matmálstímum eru börnin	8 – 10 í hóp.
Í útiveru	12 börn af deild.
Í skógarferðum	6 – 13 í hóp.

Hópleikir og hópstarf eru mikilvægir þættir í leikskólastarfi Álfheima. Barn þarf að leika sér og starfa í barnahópi sem það tilheyrir. Í hóp-leikjum öðlast barn skilning á gildi samvinnu og þroskar með sér samkennd og ábyrgðartilfinningu.



Hópstarf og einstaklingsþroski eru ekki andstæður. Heilbrigt hópstarf örvar þroska einstaklings, þroski einstaklings auðgar starf hópsins.
(Skólanámskrá Álfheima bls.13,14).

Dagskipulag Álfa, - Dverga- Óska og Völusteins 2008 – 2009.

Dagskipulag hverrar deildar er skipulagt með það í huga að nægur tími gefist fyrir frjálsan leik barna. Allir þættir í dagskipulaginu eiga að vera í góðri samfellu og mynda ákveðna heild út frá þörfum barnanna.

- Kl:7.45 – 8.15 Börn og starfsfólk mæta. Frjáls leikur.
- Kl:8.15 – 8,45 Morgunmatur.
- Kl:8,45 - 11.40 Sögustundir. Frjáls leikur. Hópstarf. Hreyfing í sal. Myndlist. Kubbatímar. Könnunarleikur. Útivera.Gönguferðir.Skógarferðir.
- .Kl:11.30 - 12.00 Söngur og tónlistarstundir.
- Kl:11.30 –13,00 Hádegisverður/ sögustund/ hvíld.
- Kl: 13.00 - 15.00 Frjáls leikur. Hópstarf. Tónlist. Hreyfing í sal. Kubbatímar.Útivera. Gönguferðir.
- Kl:15.00 - 15.40 Nónhressing. Sögustund.
- Kl:15.40 - 17.15. Börn og starfsfólk fara heim. Frjáls leikur. Börnin leika þar til þau eru sótt.

Á fimmtudögum er sameiginleg söngstund í sal kl:9,00 – 9,15.

Skógarferðir lengjast frá því að byrjar að vora í maí og fram í september/október fer eftir veðri



Veiðiferð



Gaman út á Engi

3. Starfið sl. leikskólaár.

3.1. Starfið (áherslur, þema).

Leikur barnsins er hornsteinn leikskólustarfsins, lífstjáni og gleðigjafi þess. Í þykjustu – ímyndunarleikjum skapar barnið sinn eigin heim, sem endurspeglar reynsluheim þess og um leið hluta af þeirri menningu og samfélagi sem þau búa við.

Við skipulagningu leikskólustarfsins er leitast við að gefa frjálsum og sjálfsprottnum leik barnsins tíma og rými og lögð áhersla á þátttöku starfsfólksins í leiknum á forsendum barnsins og virðingu fyrir leiknum.

Birgitta K. Olofson sænskur lektor í upeldis-og sálarfræði, telur þátttöku fullorðna fólksins í leikjum barna mjög mikilvæga. Þannig verður skilningur fullorðna fólksins á tilfinningum barnanna og á ýmsum þörfum þeirra betri og næmari. Fyrir barnið verður sá sem leikur við það vinur þess og félagi.

Náttúra- og umhverfismennt skipar stóran sess í starfi Álfheima og litar allt starf leikskólans.

Markmið umhverfissvænnar uppeldisstefnu Álfheima:

- ✓ Að leikskólinn Álfheimar verði umhverfissvænn.
- ✓ Að gera starfsfólk leikskólans hæfara og meðvitaðra um hvað það er að vera umhverfissvænn.
- ✓ Að virkja börnin og fræða þau um hve mikilvægt það er að bera virðingu fyrir náttúrunni og ganga vel um hana.
- ✓ Að flokka sorp, endurnýta það eins og hægt er og vera sparsamari í neysluvenjum.

Í Álfheimum ber að fræða börnin um náttúruna, umhverfið og verndun þess. **Þemastarf** í Álfheimum tengist menningu og samfélagi, náttúru- og umhverfismennt. Leikskólinn Álfheimar er mikilvægur hlekkur í því að halda í hefðir íslensks þjóðlífs. Fléttast þær inn í ársáætlun og dagskipulag leikskólans s.s. jól, þorrablót, 17. júní og árstíðaskipti.

Fjölmennning er orðin veigamikill þáttur í leikskólustarfi Álfheima. Í leikskólanum störfuðu 3 kennarar af erlendum uppruna og 12 nemendur stunda nám sem eiga foreldra af erlendum uppruna – ýmist báða eða annað. Á degi sameinuðu þjóðanna 24.október eru þjóðfánar viðkomandi landa kynntir og boðið góðan dag á mismunandi tungumálum. Auk þess er leitast við að kynna

matarvenjur einhvers lands og að þessu sinni var það Pólland. Þær Magda og Aneta sáu um matargerð í hádegi og í kaffistofu gerði starfsfólk sér dagamun í morgunmat.

Skógarferðir eru fastir liðir í starfi Álfheima. Farið er allan ársins hring í hvaða veðri sem er einu sinni í viku með barnahóp af hverri deild á úitvistarsvæðið við Gesthús og dvalið þar í 2 – 5 klst. fer eftir veðri og árstíð. Yngstu börnin fara hálfsmánaðarlega og þeirra ferðir hefjast ekki fyrr en á seinni önn leikskólaársins jan.- júní. Með stækkun útileiksvæðisins meðfram Engjavegi sem hlotið hefur nafnið "engi" og er tilvísun í "Pétur og úlfinn" hafa yngstu nemendurnir farið í hverri viku.

Kubbatímar - er leikur með trékubba, einingakubba, hannaða af Caroline Pratt, bandarískum barnakennara. Byggingaleikur endurspeglar reynslu, menningu og samfélag barnanna. Börnin fá tækifæri til að vinna úr reynslu sinni og læra um umhverfi sitt. Mikilvægt að hinn fullorðni grípi ekki inn í ferli uppgötvunarnámsins, heldur leyfi barninu að uppgötva sjálft.

Könnunarleikur - Könnunarleikur (heuristic play with objects) hefur verið prófaður í fjölda ólíkra landa til margra ára með stórum hóp barna og hentar einkum 1 – 3 ára börnum. Nemendur á Álfa – og Dvergasteini hafa tekið þátt í könnunarleik.

Könnunarleikur fer þannig fram að safnað hefur verið saman í poka alls konar "verðlausum" hlutum. Þetta eru hlutir eins og til dæmis keðjur, lyklar, dósir og lok. Eftir að búið er að raða innihaldi pokans á gólfið hefst leikurinn. Börnin velja sér hluti og nota þá á margan hátt. Þau fylla, tæma, setja saman, stafla, raða, draga, hrista, velja og hafna. Börnin leika sér ótrufluð án fyrirmæla frá hinum fullorðna. Þau leiða leikinn sjálf og læra um leið að hægt er að gera hluti á margan máta. Enginn niðurstaða er rétt eða röng. Í leiknum örva þau skynfæri sín með því að hlusta snerta skoða og smakka. Einnig reyna þau á gróf- og fínhreyfingar.

Hreyfistund í sal - Öll börn fara 1x í viku í skipulagða hreyfistund, í sínum hópi með sínum kennara. Í hreyfileikjum öðlast börn jákvæða afstöðu til líkamsæfinga og fá skilning á líkama sínum, styrk hans og getu. Þau læra að virða leikreglur, fara eftir fyrirmælum og meta aðstæður.

Tölvur eru á tveim deildum í Álfheimum á Dverga – og Óskasteini. Börnin hafa gott aðgengi að þeim, þau læra hvert af öðru og þeim gefst tækifæri til samræðna og samleiks. Leitast er við að vanda val á forritum og miða þau við aldur barnanna.

Tákn með tali er notað í daglegu starfi leikskólans. Allt starfsfólk og börn eiga sín eigin tákn. Daglegt líf og allar söngstundir er táknaðar. Myndrænt dagskipulag með táknum er sett upp á öllum deildum. Markmið þess að auðvelda börnum aðlögun að nýju umhverfi og efla öryggiskennd þeirra.

Vistvernd í verki er veigamikill þáttur í leikskólastarfinu og hefur starfsfólk samþykkt umhverfissáttmála fyrir leikskólann (sjá meðfylgjandi fylgiskjal).

Leikskólinn Álfheimar er “skóli á grænni grein” og er því aðili að Landvernd samtökum um umhverfismál. Hann fékk Grænfánann, alþjóðlegt merki um gott umhverfisstarf í skólum 2004 – 2006 og 2008.

3.2. Innra gæðamat, framkvæmd og niðurstöður.

Á deildarfundum í maí og júní var leikskólaárið endurmetið á hverri deild fyrir sig. Gátlisti fyrir greiningu og mat á leikskólastarfi sem starfshópur á vegum leikskólanna skipaður aðstoðarleikskólastjórum og leikskólafulltrúa vann veturinn 2008-2009 var matstækið að þessu sinni.

Gátlistinn er unnin með hliðsjón af: Aðalnámskrá fyrir leikskóla frá 1999, Ecerskvarða til að meta leikskólastarf fyrir þriggja til sex ára börn, Uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili frá 1985 og leiðarvísi með uppeldisáætlun frá 1987.

Gátlistinn er gerður þannig að hver deild svarar fyrir sig. Að því loknu er hægt að hafa umræður um svör þátttakenda, þar er hægt að ræða um það sem er óáþreifanlegt eða huglægt, s.s. viðhorf, líðan, áhuga, eftirtekt, óánægju, þannig er hægt að vinna að endurbótum á leikskólastarfinu.

Svörum við spurningunum er svarað með talnakvarða frá 1-5.

Matskvarði;

1. óljóst, vantar
2. sæmilegt
3. viðunandi

4. gott
5. mjög gott

Valdir þættir til athugunar- niðurstöður:

- Samskipti einkunn – 4-5
- Líðan einkunn – 3-4
- Leikur og leikskólastarf einkunn – 4-5
- Barnahópurinn einkunn – 3-5
- Daglegt líf í leikskólanum einkunn – 4-5
- Líflseikni einkunn – 3-5
- Námsvið leikskóla einkunn – 4-5
- Námskrár einkunn - 3-4
- Stjórnunarhættir einkunn – 3-5
- Samstarfsverkefni og þróunarstarf einkunn - 1-3
- Húsnæði/lóð, útileiksvæði og búnaður einkunn -3-4
- Samstarf heimilis og leikskóla einkunn - 4-5

Gátlistar varðandi vistvernd í verki eru fylltir út á hverri deild í október og staðan í umhverfismennt metin.

Annars fer **mat** á starfinu fram á starfsmanna- og deildarfundum, deildarstjórafundum og í dagsins önn skiptist fólk á skoðunum um mikilvægi starfsins.

Við gerð og endurmat Gæðahandbókar Álfheima á sér stað sífelld fagleg umræða. Gæðaráð leikskólans hittist einu sinni í viku, 1 klst. í senn og þar er endurmetinn kafli úr Gæðahandbók eða nýtt viðfangsefni tekið fyrir.

Í starfsviðtölum sem fram fóru í febrúar var innra starfið rætt og samskipti barna og fullorðinna. Markmið, hlutverk, áhugi, verkefni, samræming og starfsanda ber á góma og niðurstöðum gerð skil á starfsmanna-og/eða deildarfundumog sameiginlegum starfsmannafundi sem var 17.mars 2009.

3.3. Umbóta (þróunar- og nýbreytnistarf).

- a) Gæðaráð leikskólans sem skipað er fjórum starfsmönnum hittist aðra hverja viku 1.klst. í senn. Fundargerðir gæðaráðs fara inn á allar deildir þar sem starfsfólki gefst kostur á að lesa þær og koma með athugasemdir. Þessi vinnutilhögun gerir það að

verkum að allt starfsfólk tekur þátt í gerð gæðahandbókar Álfheima.

Gæðahandbók Álfheima er í stöðugu endurmati og þróun. Vinnu við gerð gæðahandbókar á aldrei að vera lokið, þannig verður hún lifandi plagg í starfháttum leikskólans Álfheima.

Eftirfarandi atriði voru tekin fyrir á s.l. leikskólaári:

- Starfslýsingar
- Skógarferðir
- matslistar
- Samskiptareglur
- Handbækur leikskóla Árborgar

- b) Leitast er við í öllu starfi Álfheima að viðhalda umhverfisvænni uppeldisstefnu.

Umhverfiráð er starfandi við leikskólann í því eiga sæti einn fulltrúi af hverri deild, leikskólastjóri, starfsmaður úr eldhúsi, fulltrúi foreldra og fulltrúi ræstingarfólks. Elsti árgangur barna leikskólans er í umhverfiráðinu með þeim hætti að fulltrúi Völusteins hefur fundað með þeim og tekið fyrir mál sem þau hafa þroska til að fjalla um. Börnin fara í eftirlitsferðir um leikskólann og skoða hvernig staðið er að vistverndarmálum á hverri deild. Deildir fá svo broskarla eða “stattu þig betur” karla eftir því sem við á.

- c) “Út um mó inn í skóg” er heiti þróunarverkefnis Álfheima með áherslu á útivist, náttúru og umhverfi sem stóð yfir 2002-2004 Verkefnastjóri var Kristín Norðdahl lektor við K.H.Í. Tilgangur verkefnisins var að skipuleggja leikskólastarf með áherslu á útivist, náttúru og umhverfi. Einnig að nota upplýsingatækni til að hafa samskipti við börn í öðrum löndum og kynnast þannig lífi þeirra og umhverfi sem þau búa í. Farið er í skógarferðir á hverjum degi frá kl:10,00-12,00, og þær lengdar eftir veðri og árstíðum. Farið er að útivistarsvæðinu við Gesthús. Börnin fara í sínum skógarhóp með sínum skógarhópstjóra. Með því að vera mikið úti upplifa þau veðrið í mismunandi mynd. Þau fylgjast með ýmsum ferlum í náttúrunni ásamt árstíðarbreytingum. Kristín Norðdahl skrifaði lokaskýrslu um verkefnið og hana er hægt að nálgast á vef RKHÍ. Ljóst er að leikskólinn Álfheimar hefur unnið mikið frumkvöðlastarf á sviði umhverfismenntunar með þessu verkefni. Með stækkun útileiksvæðisins meðfram Engjavegi sem hlotið hefur nafnið ”engi” og er tilvísun í ”Pétur og úlfinn” hafa

yngstu nemendurnir farið í hverri viku og er það nýbreytni í starfi leikskóalans.

Í september 2008 hóf Anna Gína Aagestad leikskólakennari störf við leikskólann sem verkefnastjóri útikennslu. Með tilkomu hennar hefur úitnám í Álfheimum orðið markvissara og fjölbreyttara. Hún hefur ásamt öðrum kennurum í Álfheimum þróað skemmtilega útiveru bæði á skógarsvæði við Gesthús, á leikskólalóðinni og úti á Engi.

- d) Á hverju hausti er lagt fyrir elstu börn leikskólans próf í leikjaformi Hljóm-2. sem kannar hljóðkerfisvitund. Þær kenningar hafa verið settar fram á síðari árum að hægt sé með fyrirbyggjandi aðgerðum, að fækka þeim börnum sem lenda í lestrarerfiðleikum. Öll elstu börnin eru prófuð og síðan aftur undir lok leikskólaársins. Tveir leikskólakennarar við leikskólann sem hafa tilskilin réttindi taka prófin á börnunum þær Lísbet Nílsdóttir sérkennslustjóri og Guðný Birgisdóttir leikskólakennari.

- f) Málþjálfunarkerfi Iréne Johansson sem notað hefur verið með börnum með Downs heilkenni hefur starfsfólk Álfheima sem vinnur við sérkennslu tileinkað sér.

- g) Tákn með tali er einn af lykilþáttum leikskólastarfsins. Allt starfsfólk og börn eiga sín eigin tákn og í daglegu lífi er reynt að nota táknin sem mest.

- h) Leikskólinn Álfheimar fékk grænfánann fyrst 8.júní 2004 og endurnýjun sama mánaðardag 2006 og í þriðja sinn 12.júní 2008. Grænfáninn er alþjóðleg viðurkenning á góðu umhverfisstarfi og menntun í skólum.

- i) ART – Aggression replacement training - var í fyrsta sinn prófað á leikskólabörnum hér í Álfheimum okt. – des. 2007. Það voru þær Hrafnhildur Karlsdóttir leikskólafulltrúi og Þuríður Pétursdóttir sálfræðingur á Skólaskrifstofu Suðurlands sem sáu um það tilraunaverkefni. Verkefnið þótti takast mjög vel og hefur Skólaskrifstofa Suðurlands verið með námskeið fyrir kennara á báðum skólastigum sem hyggjast taka upp ART-þjálfun í sínum skólum skólaárið 2008-2009.

ART-þjálfun byggir á þremur grunnflokkum;

- Félagsfærniþjálfun
- Sjálfstjórnarþjálfun
- Þjálfun í félagslegri aðlögun/nálgun og siðgæði

Hver hópur er 6- 7 börn og er þjálfaður þrisvar sinnum í viku 30-45 mín. í senn með tveimur kennurum. Hver færni verður þjálfuð í eina viku en þannig ná börnin betri tókum á þeirri færni sem verið er að þjálf. Þjálfunin miðast við að ná skilvirkri yfirfærslu á aðstæður í gegnum hlutverkaleik en einnig eru notaðar myndir og myndaspöld. Foreldrar og aðrir ummönnunaraðilar barnsins eru virkir í þjálfun hvers barns. Í leikskólanum fylgir starfsfólk því eftir sem er verið að æfa þannig að yfirfærslan yfir í daglegt líf verði sem mest.

Í upphafi fær hvert barn sína ART-möppu þar sem skipulagi, reglum, verkefnum og teikningum sem börnin vinna auk upplýsinga og fréttu til foreldrar er safnað saman. Börnin geta farið með möppuna heim á föstudögum þar sem barn og foreldrar geta skoðað hana, rætt verkefni vikunnar og æft sig saman. Þannig geti foreldrar einnig fylgst með framvindu verkefnisins. Möppunni er svo skilað aftur í leikskólann á mánudagsmorgni. Deildin á einnig eina möppu sem starfsfólk skoðar til að fá upplýsingar um það sem unnið var með í tímanum.

Uppbygging tímanna er mjög ákveðinn og alltaf sami rammi hvort sem unnið er með félagsfærni, reiðistjórnnum eða siðgæðispætti. Börnin búa sjálf til reglur sem hafðar eru í heiðri í tímunum. Reglurnar og skipulag tímanna eru á myndrænu formi og eru alltaf sýnileg í tímanum þannig að auðvelt er fyrir alla að fylgjast með og átta sig á hvar við erum stödd. Hver tími er alltaf eins uppbyggður: heilsast er á ákveðinn hátt, sest niður á saman stað, farið yfir færniþættir og þeir æfðir, farið í einhvern skemmtilegan leik, fáum smá hressingu (ávextir, rúsínur, saltstangir o.þ.h) og spjallað saman um hvernig tíminn gekk, hvað við vorum að læra og hvernig hægt sé að æfa sig heima og svo kveðja.

Í tilefni að 20 ára afmæli leikskólans var efnt til hugmyndasamkeppni um logo eða merki fyrir leikskólann Álfheima. Margar skemmtilegar hugmyndir bárust. Sú hugmynd sem varð hlutskörpust þrýðir nú forsíðu Ársskýrslunnar en hana á Birna Jóhanna Sævarsdóttir kennari og foreldri við leikskólann Álfheima.

3.4. Ferðir, menningarviðburðir, sýningar, skemmtanir og kynning á leikskólanum frá 1.september 2008 – 31.ágúst 2009.

- a) Eftir Haustþing starfsfólks leikskóla á Suðurlandi 19.september 2008 fór starfsfólk leikskólans á Árshátíð leikskólanna í Hótel Selfossi og átti þar saman skemmtilega kvöldstund. Helga Hallgrímsdóttir deildarstjóri í Álfheimum var veislustjóri.
- b) Dagur Sameinuðu þjóðanna 24.október – fánar þeirra landa sem tengjast Álfheimum gerðir sýnilegir á deildum – og boðið góðan dag á mismunandi tungumálum – þ.e. pólsku – ensku – filipísku-sænsku – íslensku. Magda og Aneta pólskir kennarar við Álfheima sáu um matargerð og fengum við að smakka pólska kjúklingasúpu.
- c) Skógarferð í Þrastarskóg 30.október sem foreldraráð Álfheima stóð fyrir – vasaljós og nesti með í för – mjög spennandi.
- d) Opið hús í Jötunheimum 2.nóvember 17.00 – 18.00 – nokkrir kennarar úr Álfheimum skoðuðu nýjan leikskóla þann dag.
- e) Vinavika starfsfólks og barna 3.-7.nóvember að þessu sinni var hún tileinkuð kurteisi – brosi – hrósi – hvatningu – snertingu og í lokin hópknús með samveru á Völusteini þar sem Pálínuboð var þemað ásamt fallegum gjöfum- og leynivínurinn kom í ljós.
- f) 8.deild Félags leikskólakennara hittist í Jötunheimum 15.nóvember í morgunkaffi og spjalli í tilefni dags íslenskrar tungu.
- g) Dagur íslenskrar tungu 16.nóvember. Haldið var upp á hann mánudaginn 17.nóvember Sameiginleg söngstund í sal og börn og starfsfólk fluttu ævintýrið um Búkollu. Nemendur úr 6.bekk Vallaskóla komu í heimsókn og lásu fyrir börnin á Óska- og Völusteini.
- h) 22.nóvember -piparkökumálun á vegum foreldrafélagsins frá 11,00-13,00 – boðið upp á heitt kakó með rjóma. Mjög góð þátttaka foreldra og barna.
- i) Farið var í Selfosskirkju 4. desember kl;11,00 með börn fædd 2003,2004 og 2005
Herdís Styrkárstöttir æskulýðsfulltrúi og Eygló Gunnarsdóttir djákni tóku á móti börnunum.
- j) Jólasýning í Húsinu á Eyrarbakka er fastur liður á aðventunni. Þangað var farið með elstu börnin (2003 árganginn) 8. og 9. desember í þremur hópum f.h. og e.h. með strætisvagni Sveitarfélagsins.
- k) 10.desember fóru Óskasteinsnemendur og sóttu jólatré á skógarsvæðið við Gesthús hittu jólasvein og fengu piparkökur og heitt kakó.

- l) 11.desember gaf Kvenfélag Selfoss gjöf til sérkennslustarfa í leikskólanum – Ingibjörg tók við henni og sat kaffisamsæti í tilefni þess.
- m) Leikskólinn Álfheimar hélt upp á 20 ára afmæli sitt 12.desember en Álfheimar tóku til starfa 13.desember 1988. Leiksýningin Obbosí – flytjandi Kristjana Skúladóttir kom í heimsókn f.h. Samvera í salnum kl;14.00 tónlistaratriði frá Tónlistarskóla Árnesinga Jóhann Yngvi Stefánsson tónlistarkennari og Margrét Thorarensen nemandi hans léku á trompeta – Kristín Eiríksdóttir leikskólafulltrúi og Ragnheiður Thorlacíus framkvæmdastjóri Fjölskyldumiðstöðvar fluttu ávörp og nýtt merki ”logo” fyrir leikskólann tilkynnt og verðlaun veitt en þau fékk Birna Jóhanna Sævarsdóttir foreldri og kennari við leikskólann.
Opið hús frá kl;14.00 – 16.00. Foreldrum boðið upp á kaffi og smákökur inni á öllum deildum Álfheima.
- n) Jólafundur starfsfólks Álfheima og maka var haldinn að kvöldi 12.desember í sal Framsóknarmanna að Eyrarvegi 15. Jólatur að hætti nefndarinnar –hlaðborð – desert – kaffi og konfekt. Pakkaleikir og ýmisslegt skemmtilegt spaug í boði nefndarinnar.
- o) Kaffihúsastemning 18.desember Álfa – og Dvergasteinn 22.desember Óska – og Völusteinn.
- p) Litlu – jólin voru 19. desember og haldin í sal Vallaskóla kl;15.00 fyrir alla árganga leikskólans Jólaguðsspjallið var flutt af börnum Óskasteins. Jólasveinar komu í heimsókn og dansað var í kringum jólatréð við harmonikkuleik Birgis Hartmannssonar.
- q) Þorláksmessukaffi var í kaffistofu Álfheima 23.desember fyrir allt starfsfólk einnig það sem er í fæðingar og/eða veikindaleyfi
- r) Jólin kvödd á þrettándaðnum 6.janúar með bálkesti í garðinum söng og tralli.
- s) Rafmagnslaus dagur 15.janúar. Börnin mættu með vasaljós þann dag og ekki voru kveikt ljós né á rafmagnstækjum frá kl;7,45-13,00.
- ó) Bóndadagur 23.janúar – opið hús fyrir alla stráka – pabba, afa, bræður og allar karlkyns verur frá kl;8.00 – 9,30- kaffi og kleinur.
- t) Þorrablótið var haldið 29.janúar en jafnframt litadagur – svartur dagur - tileinkaður krumma. Skemmtiatriði í sal frá hverri deild, fjöldasöngur og þorramatur snæddur á deildum.
- u) Dagur leikskólans var 6.febrúar – opið hús í öllum leikskólum Sveitarfélagsins Árborgar.
- v) Konudagur/bolludagur 23.febrúar- pilsa/kjóladagur – opið hús fyrir allar stelpur – mömmur, ömmur, systur og allar kvenkyns verur frá kl:8.00 – 10.00 – kaffi og bollur.

- w) Sprengidagur 24.febrúar – saltkjöt og baunir – íslensk menning.
- x) Öskudagsgleði 25.febrúar – með balli og tilheyrandi – kettir slegnir úr kössum f.h. og e.h.
- y) Hreinsunarátak í Árborg 30.apríl – í Álfheimum var tekið til inni og úti og léttur hádegisverður snæddur í garðinum.
- z) Hjóladagur 7.maí í tengslum við ”hjólað í vinnuna” árlegt verkefni á vegum Í.S.Í.sem starfsfólk Álfheima tekur þátt í. Börnin hjóluðu á bílplaninu fyrir framan Álfheima í útiverunni.
- æ) Bíllaus dagur 13.maí.

Tilgangur:

1. Draga úr mengun.
2. Meiri hreyfing
3. Bensín- og peningasparnaður.
4. Betri heilsa

Það sem til þarf:

- 1). Svólítið meiri tíma.
- 2). Taka fram hjólin eða kerruna.
- 3). Vistvæna hugsun.
- 4). Góða skó og hjálm

- ö) Ferð í fuglafriðlandið við Flóagافل 15.maí snemma morguns. Hist var kl.06.00 í friðlandinu þar sem fuglafriðunarmenn tóku á móti hópnum. Foreldrafélagið stóð fyrir ferðinni og voru þátttakendur um 30.
- öö) Útskriftarferð var 18.maí. Farið var að Snæfoksstöðum. Þar var farið í ratleiki – gönguferðir – náttúruskoðun – útiöldun o.fl.
- ø) Vor í Árborg 21.-24.maí 2008.
 - Blár dagur í Álfheimum
 - Listaverkasýning í andyri Heilsugæslustöðvar Suðurlands frá nemendum í Álf – og Hulduheimum.
 - Opið hús í skógarferðir 21.maí – 31.maí.
 - Árborgarbragur eftir Ólaf Þórarinsson fluttur af nemendum fæddum 2003 úr öllum leikskólum Árborgar á útisvæðinu við Gesthús. Leitast var við að mynda logo Árborgar með bláum og hvítum lit í fatnaði barnanna.
- a) Útskrift 6 ára barna 26.maí kl;15.00 í sal Vallaskóla. Að þessu sinni útskrifuðust 25 börn.

Útskriftarnemar Álfheima 2009



